



# FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Próftími: 90 mín.

PRÓFGREIN: ÍSL 4036

KENNARI:

Kl. 09.00 - 10.30

---

NAFN: .....

Kennitala: .....

---

Lesið vandlega yfir allar spurningar áður en þið hefjist handa við að svara.

Vægi spurninga er mismikið. Nýtið tíma ykkar í samræmi við það.

Prófið er 7 síður auk forsíðu. Athugið hvort þið séuð með þær allar.

Notið baksíðurnar ef línufjöldi er ekki nægilegur.

Gangi ykkur vel og gleðilegt sumar,

## Stuttar spurningar 26 stig

1. Hvað markaði **upphaf lærdómsaldar**? 1 atriði. (1 stig)

---

2. Hvað markaði **upphaf upplýsingar**? 3 atriði. (6 stig)

---

---

---

1. Hver er talin vera **fyrsta íslenska skáldsagan** og eftir hvern er hún? (2 stig)

---

---

2. Út kom **bók** á upplýsingaöld sem minnir mjög á evrópskar fagurbókmenntir á borð við Robinson Krúsó eftir Daniel Defoe og Ferðir Gullivers eftir Jonathan Swift. Hvað heitir hún, eftir hvern er hún og að hvaða leyti minnir hún á ofangreindar bækur? (3 stig)

---

---

---

3. **Hið íslenska bókmenntafélag, Fjölirnir og Verðandi** eru þekkt heiti í íslenskri bókmenntasögu. Nöfn á hverju er þetta og hvaða bókmenntatímabilum tengjast þessi fyrirbæri? (6 stig)

---

---

---

4. Raðið eftirtöldum verkum í tímaröð, það elsta nr. 1: (4 stig)

- \_\_\_ Betlikerlingin
- \_\_\_ Vöggukvæði
- \_\_\_ Sælgætið í þessu landi
- \_\_\_ Veturinn

5. Í hvaða mynd birtist **áhrif humanisma** (fornmenntastefnu) hér á landi? 2 atriði. (4 stig)

---

---

---

## **Spurningar 50 stig**

1. **Passúsálmarnir.** Hvað eru Passúsálmarnir margir? Um hvað fjalla þeir og hvernig er hver sálmur upp byggður? (8 stig)

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---



---

---

---

## **Brot úr verkum (17%)**

1. Lestu textann hér að neðan og svaraðu svo spurningum úr honum.

*„Sem þetta sendiskip aftur til Ögurs komið var með þessa fregn þustu á stað allir hermenn sem þar voru, utan dómsmenn komu engir sem þó fyrstir áttu að koma. Vel fimmtígi höfðu þeir verið sem frá Ögri fóru. Þeir komu til Æðeyjar um kveldið áður heimafólk var háttað. Þá hafði Pétur pilot sent til sjóar nokkrum sinnum að sjá til skipa því honum var ei uggalaust frá því skipið fór, tók síðan til lesturs síns og hafði lengi lesið, lagði síðan bókina saman og undir höfuð sér og sofnaði út af.“*

- a. Úr hvaða verki er þessi texti og eftir hvern er hann? (2 stig)

---

- b. Hvað er einkennandi fyrir þetta verk og hvernig kemur það fram í þessu broti? (3 stig)

---

---

---

---

---

---

---

2. Lestu eftirfarandi erindi og svaraðu spurningunum sem fylgja.

Ísland! farsælda frón  
og hagsælda, hrímhvíta móðir!  
hvar er þín fornaldar frægð,  
frelsið og manndáðin best?

Þar stóð hann Þorgeir á þingi  
er við trúnni var tekið af lýði.  
Þar komu Gissur og Geir,  
Gunnar og Héðinn og Njáll.

Landið var fagurt og frítt  
og fannhvítir jöklanna tindar,  
himinninn heiður og blár,  
hafið var skínandi bjart.

Þá komu feðurnir frægu  
og frjálsræðishetjurnar góðu  
austan um hyldýpishaf,  
hingað í sælunnar reit.

a. Þetta kvæði er rómantískt. Rökstyddu það með dæmum úr kvæðinu (6 stig).

---

---

---

---

---

---

---

b. Þetta ljóð er eftir Jónas Hallgrímsson en hann kom með margar nýjungar inn í íslenska ljóðagerð t.a.m. í tengslum við **Ég bið að heilsa** og **Gunnarshólma**. Hvaða nýjungar voru það? (6 stig)

---

---

---

---



